

## Ársskýrsla 2009

### Héraðsskjalasafn Akraness - Ljósmyndasafn Akraness

Við skjalasafn og ljósmyndasafn er eitt stöðugildi, staða héraðsskjalavardar Gerðar J. Jóhannsdóttur. Héraðsskjalavörður fór í fæðingarorlof í ágúst og var enginn ráðinn í hennar stað. Starfsfólk bókasafns sinnti nauðsynlegum störfum, sem fólust helst í því að flytja söfnin í ný húsakynni. Umsjón með starfsemi í skjalasafni hafði Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður og í ljósmyndasafni hafði Nanna Þóra Áskelsdóttir deildarstjóri umsjón með daglegum störfum.

Í sumarstörf og atvinnuátaksverkefni við ljósmyndasafn voru ráðin Eyja Þóra Guðjónsdóttir og Muhammed Jamal.

Söfnin voru lokað frá júlí til 1. október, vegna flutninga. Í nýju húsakynnum er góð skrifstofuástaða, vinnuherbergi fyrir fræðimenn og góðar geymslur. Í geymslum eru rafdrifnir hjólaskápar frá Ísold og hefur skjalasafn / ljósmyndasafn um 1800 hillumetra.

### Afhendingar í Héraðsskjalasafn og Ljósmyndasafn Akraness árið 2009

Tekið var við 18 (19) afhendingum í skjalasafn og ljósmyndasafn, auk þess sem gengið var frá eldri afhendingum.

#### Skjalasafn, 14 afhendingar :

Soroptimistaklúbbur Akraness. Skjöl frá árunum 1994-2007, [ 2009:1].

Afhendingaraðili: Ingibjörg Þóroddsdóttir.

Þórdís Arthúrsdóttir og Hannes Þorsteinsson. Frá árunum 1977-1999 [2009:2].

Afhendingaraðili: Þórdís Arthúrsdóttir.

Karlakórinn Svanir, nótur frá Karlakórnum Svönunum. 1987. Nótturnar voru teknar saman fyrir kvöldvöku sem haldin var í tilefni afmælis Stefáns Bjarnasonar 70 ára. [2009: 3] Afhendingaraðili: Hafdís Daníelsdóttir.

Þorsteinn Þorvaldsson Frá árunum 1970-97 [2009:5]. Afhendingaraðili: Þorsteinn Þorvaldsson.

Iðnráð Akraness: Frá árunum 1965-95 [2009:6] . Afhendingaraðili: Bjarni

Íþróttabandalag Akraness. Frá árinu 2008 [ 2009:7]. Afhendingaraðili: Jón Þór Þórðarson.

Ólafur Guðjónsson, múrarmeistari, (1915-1987). Fæddur í Vogatungu, Leirársveit. Lærður múrari. Skjöl frá árunum 1915-87 [2009:9]. Afhendingaraðili: Hörður Ólafsson.

Þorgils Stefánsson, kennari. Skjöl frá árunum 1950-72 [ 2009:10.]. Afhendingaraðili: Guðbjörg Árnadóttir.

Kristinn Finnsson (f. 05.05.28 ). Skjöl frá árunum 1947-2004 [2009: 11]. Afhendingaraðili: Guðlaug Kristinsdóttir.

Rótaryklúbbur Akraness. Skjöl frá árunum 2008-09 [2009:12]. Afhendingaraðili: Júlíus Guðnason.

Freyjugata 24 / Laugarbraut (lóðasamningar) 1934-37 [2009:13].  
Afhendingaraðili: Hjördís Garðarsdóttir.

Magnús Gíslason húsmáður í Götu Akranesi (lóðasamningur) 1881-1897 [ 2009: 14].  
Afhendingaraðili: Guðbjörg Hjaltadóttir.

Gísli Daníelsson í Kárabæ, 1934-34 [ 2009:15]. Afhendingaraðili: Þorsteinn Þorvaldsson.

Akraneskaupstaður 1998-2001 [2009:17]. Afhendingaraðili: Andrés Ólafsson fjármálastjóri.

### Ljósmyndasafn, 4 afhendingar :

Barnaskóli Akraness, árshátíðarmyndir og skólamyndir.[ 2009:1]. Afhendingaraðili: Hallbera Jóhannesdóttir.

Kiwanisklúbburinn Þyrill. Ljósmyndir í 3 kössum. Frá árunum 1970-2008 [ 2009:4].  
Afhendingaraðili: Ásgeir Guðmundsson.

Þóroddur Oddgeirsson, Bekanstöðum. Frá árunum 1950-60 [ 2009: 8].  
Afhendingaraðili: Margrét Þóroddsdóttir.

Kvenfélag Akraness. Frá árinu 1961[ 2009:16]. Afhendingaraðili: Þórdís Björnsdóttir.

### Sýningar:

**Jan/feb** í anddyri Bókhöllu : Abba (leikaramyndir) myndir, sýning á vegum Héraðsskjalasafns. Einnig voru myndir frá Ólympíuleikunum í Berlin 1936. Skemmtileg safnarasýning frá 20. öldinni

**Nóvember:** Á Norrænum skjaladegi voru sýnd gögn frá Kvenfélagi Akraness og tekið þátt í átaki með Þjóðskjalasafni og öðrum héraðsskjalasöfnum um innheimtu gagna frá kvenfélögum. Í kjölfar átakssins komu ljósmyndir frá Þórdísi Björnsdóttur, myndir frá rútuferð Kvenfélagsins árið 1961, um Vestfirði .



Á Norrænum skjaladegi: Frú Anna Erlends-dóttir fyrrv formaður Kvenfélags Akraness með dóttur sinni Ingileif Daníelsdóttur.

### Vefur Ljósmyndasafns Akraness.

Vefurinn er hannaður af Jóhanni Ísberg og var fyrsti vefur sinnar tegundar árið 2002, þegar hann var tekinn í notkun. Þó nokkur sveitarfélög og einkaaðilar hafa síðan keypt þessa veflausn fyrir myndasöfn sín.

Á vef Ljósmyndasafnsins berast að jafnaði

upplýsingar frá þeim sem skoða vefinn. Um 620 athugasemdir bárust á árinu, upplýsingar um fólk á myndunum, atburði osfrv.

Á árinu var farið í ítarlega vinnu við að bæta skráningu mynda.

Á árinu voru 497 (600)\* ljósmyndir settar inn á vef Ljósmyndasafnsins.

Yfir 2300 (3000) myndir voru skannaðar en bíða frekari vinnslu.



*Gestir á Norrænum skjaladegi skoða ljósmyndasýningu.*

### **Styrkir**

Ljósmyndasafnið hlaut styrk úr Þjóðhátíðarsjóði 1. des 2009. Styrkurinn er veittur vegna sýningar sem áætluð er árið 2011. Styrkurinn er veittur til hönnunar sýningar og undirbúningsvinnu. Til sama verkefnis hlaut Ljósmyndasafnið styrk frá Menningarráði Vesturlands.



*Frá "húskveðju" að Heiðarbraut 40, með hollvinum og starfsfólki bókasafns og skjalasafns.*

\* Tölur í sviga eiga við fyrra ár.  
21.07.2010. Halldóra Jónsdóttir, forstöðumaður.